

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Öldutún, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. mars 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Öldutún. Tillagan tekur til svæðis þar sem skilgreindar verða 3 lóðir þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hákot, Gljáin, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. mars 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Gljána úr landi Hákots. Tillagan tekur til afmörkunar á lóð þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og skemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 14. apríl 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2020